

1873.

11. grein.

26. febrúar.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 3,747 rd. 47 sk., skal leggja til hjálparsjóðsins.¹

27. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tíundagjörð².

Um leið og vèr sendum yður, herra stiptamtmaður, nokkur exemplör af reglugjörð, 13. þ. m., sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi, skal þess getið, að það hefir þótt ísjárvert, að taka í reglugjörðina ákvörðun þá, sem amtmaðurinn yfir vesturumdæminu hafði stungið uppá, og þær fallizt á í bræfi yðar 26. júní f. á., að sýslumenn skuli á manntalsþingum láta að minnsta kosti einn skattmann vinna eið að því, að tíundagjörð hans sè rétt, en að öðru leyti hefir stjórnarráðinu fundizt það henta, að brýnt sè fyrir sýslumönnum, að hafa vandlega gætur á, hvort tíundagjörðir manna sè réttar, og höfða málsókn, ef grunur verður um tíundasvik, og mælist stjórnarráðið til, að þær segið tæðum embættismönnum fyrir um þetta, um leið og þær útbýtið meðal þeirra reglugjörðinni.

27. febrúar.

12. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast 24. þ. m. að veita prestaskólakandidat Páli Ólafssyni leyfi til að láta vígjast til prests, jafnskjótt og hann sè orðinn 23 ára að aldri.

¹) Þær „skýrandi athugasemdir“, sem fylgja áætlun þessari, voru prentaðar einungis á Dönsku, en eru íslenskaðar í Skýrslum um landshagi á Íslandi V, 500—521, og þar við bætt nokkrum skýringum (sst. bls. 521—524).

²) Sama dag var hinum amtmönnum skrifað á sömu leið.

1873.

Um leið og þetta verður yður hërmeð til vitundar gefið, 27. febrúar.
yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörið það, mælist stjórnar-
ráðið til, að þér fáið fyrnefndum Páli Ólafssyni meðfylgjanda
leyfisbréf.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins 28. febrúar.
yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á
reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873.

Með þessu bréfi sendum vör yður, herra stiptamtmaður, nokkur exemplör af Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, sem staðfest er með konungsráðgjafi 26. p. m.; að því leyti, sem snertir útborgun launa embættismanna og annara gjalda, sem tilfærð eru á meðfylgjandi próförk af athugasemdum þeim við tæða fjárhagsáætlun, sem verða prentaðar í stjórnartíðindunum dönsku (*Ministerialtidenden*), bendum vör til þess, sem fyrir er sagt í bréfi dómsmálastjórnarinnar 20. febr. 1866, sbr. bréf hinnar íslensku stjórnardeildar 15. apríl 1851, og bréf dómsmálastjórnarinnar 4. marz 1871.

Um leið og vör mælumst til þess, að þér tilkynnið hlutaðeigendum það, sem með þarf, samkvæmt þessu, skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum um þetta efni, og sömuleiðis gefið hinum amtmönnunum á Íslandi vísbending, þeim sjálfum og þeim embættismönnum, sem eru í þeirra umdæmum, til leiðbeiningar.

Til samlags við þetta verðum vör að því leyti, er snertir lán þau, sem tilfærð eru á áætluninni, 6. gr. D. nr. 7, handa Reykjavíkur kaupstað og jafnaðarsjóði suðuramtsins til þess að borga þann part, sem á þeim lendir, af kostnaðinum við byggingu fangelsis og hegningarhúss í Reykjavík, — en þau eru 4,135 rd. 53 sk. og 3,271 rd. 11 sk. (alls 7406 rd. 64 sk.) —, að mælast til, að þér annist um, að goldnir verði samkvæmt skilmálum í vöxtu 4 af hundraði af tæðum lánum og $\frac{1}{15}$ partur á